
Fréttabréf GM-kvenna



APRÍL 2021

Kvennanefnd GM



Hvað er á döfinni hjá GM konum?

Í GM er öflugt kvennastarf í samstarfi við Golfklúbbinn okkar. Við hvetjum allar konur til að taka virkan þátt í starfinu og við bjóðum nýliða sérstaklega velkomna. Við erum búnar að setja upp dagskrá fyrir sumarið sem sjá má hér fyrir neðan. Þriðjudagar eru okkar dagar eins og búið er að vera í vetur með púttkvöldunum okkar. Við erum með **fuglatré** á báðum stöðum og hvetjum ykkur til að skrá fuglana ykkar á það, í haust krýnum við svo fugladrottningu, fuglaprinsessu og fuglagreifynju og einnig drögum við vinningshafa úr öllum fuglunum.

Við birtum fréttir af kvennastarfinu okkar á facebook síðunni GM konur, allar að skrá sig þar.

“Allar konur velkomnar, nýliðar sem lengra komnar”

Hér fyrir neðan eru drög að dagskrá sumarsins. Nánast alla þriðjudaga í sumar eigum við frátekna rástíma á milli klukkan 17 og 18, til skiptis á Bakkakoti og Hlíðavelli. Þá skrá konur úr klúbbum sig saman á rástíma og setjast jafnvel inn eftir hring í smá hugg. Inn á milli verður eitthvert tvíst eins og sjá má í dagskránni. Athugið að viðbúið er að einhverjir viðburðir færast til en við munum alltaf auglýsa hvern viðburð á Facebook síðunni okkar tímanlega (GM konur).

Munið að taka frá laugardaginn **11. september** fyrir **haustferðina** okkar frábæru.

Ætlunin er að finna líka góða þriðjudaga fyrir vinkonudag, Texas Scramble, heimsókn golfkennara og jafnvel skipti á rástímum við annan golfklúbb.

Ef þið kærufélagar, búið svo vel að geta gefið verðlaun eða þekkið einhvern sem getur gefið verðlaun fyrir mótin okkar, væri það mjög vel þegið. Endilega látið okkur vita ef þið getið reddað okkur.

Dagskrá

- 11. maí Bakkakot
- 18. maí Hlíðavöllur
- 25. maí Bakkakot
- 1. júní Hlíðavöllur
- 8. júní GM/GKG vinkvennamót á Leirdalsvelli
- 8. júní Bakkakoti
- 15. júní Bakkakot
- 16. júní GM/GKG vinkvennamót á Hlíðavelli (miðvikudagur)
- 22. júní Bakkakot - Rauðhetta og úlfurinn
- 29. júní MEISTARAMÓT GM
- 6. júlí Hlíðavöllur
- 13. júlí Bakkakot
- 20. júlí Hlíðavöllur
- 27. júlí Bakkakot (1., 2., 3., 4. högg)
- 3. ágúst Hlíðavöllur
- 10. ágúst Bakkakot
- 17. ágúst Hlíðavöllur
- 24. ágúst Hlíðavöllur, Róni
- 31. ágúst Hlíðavöllur
- 7. september Bakkakot
- 11. september haustferð GM kvenna

Kveðja, kvennanefndin

Auður, audurth@live.com

Kristín Inga, kristininga@gmail.com

Ósk stefaniaosk1973@gmail.com